


HINSEGIN: SAMKYNNHNEIGÐ



© Guðrún Þorsteinsdóttir, Heiðrún Fivelstad og María Jónsdóttir.

Teikningar: Sigmundur Breiðfjörð.
Útgefandi: Leikni og Samtökin '78.

Útgáfuna styrkti Þróunarsjóður námsgagna og Öryrkjabandalag Íslands.

Öll réttindi áskilin.

Bækling þennan má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með prentun, ljósmyndun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Hörður

Hörður er 14 ára og er í 8. bekk.

Hann æfir fótbolta með Öspinni.

Hann á tvo litla bræður, einn sem er 7 ára og einn 3 ára sem er á leikskóla.

Hann á heima eina viku hjá mömmu sinni og eina viku hjá pabba sínum



Kynhneigð segir til um hverjum við löðumst að rómantískt og kynferðislega. Að vera samkynhneigður þýðir að laðast að fólki af sama kyni og þú sjálf/ur/t



Hommi

Hörður hefur vitað að hann er hommi frá því að hann var mjög ungur.

Hann veit ekki alveg hvenær hann fattaði það fyrst.

Honum hefur alltaf fundist sumir strákar vera sætir og hann veit að þegar hann verður unglingur þá vill hann ekki eiga kærustu heldur kærasta.



Kærasti

Mamma hans sagði alltaf við hann að hann mætti alveg ráða hvort hann myndi eignast kærustu eða kærasta.

Mamma á vin sem heitir Jón og er hommi. Hann á kærasta sem heitir Ísak.

Þeir koma stundum í mat til mömmu. Herði finnst Jón mjög skemmtilegur en honum finnst Ísak þínu skríttinn.

Hommar eru allskonar

Hörður veit að hommi er bara strákur sem verður skotinn í öðrum strákum.

Hann veit að hommar líta ekki út á neinn sérstakan máta. Þeir mega hafa allskonar áhugamál og vera allskonar.

Jón og Ísak eru til dæmis mjög ólíkir. Jón vinnur á bifvélaverkstæði og er alltaf í skítugum gallabuxum en Ísak vinnur á hárgreiðslustofu og er alltaf með nýja klippingu og nýjan lit í hárinu. Hann er líka alltaf í fínum fötum.



Hommar = fótbolti?

En stundum segja krakkarnir í skólanum að hommi þýði eitthvað annað.

Til dæmis þá voru þau í fótbolta í frímínútum og einn strákurinn klúðraði marki. Þá kallaði annar: „Hvað er að þér? Ertu hommi?“

Hörður var mjög hissa og vissi ekki alveg hvað hann ætti að segja.

Að vera hommi tengist ekkert fótbolta eða því að mistakast.



Hommalegur

Einu sinni labbaði Ísak framhjá skólalóðinni þegar bekkurinn hans Harðar var í frímínútum. Hann var með litað hár og skrautleg sólgleraugu.

Ísak veifaði til Harðar og snéri sér í hring. Svo labbaði hann í burtu.

Tvær stelpur sem eru með Herði í bekk skríktu og hlógu smá og einn strákur sem er með Ísak í bekk sagði „Vá, hvað þessi er hommalegur.“

Hommalegur?

Hörður var aftur hissa. Hann vissi að Ísak væri hommi en það þýddi ekki að Ísak væri hommalegur.

Hörður var ekkert eins og Ísak. Var Hörður þá kannski ekki nógu hommalegur?





Ráðgjöf

Hann ákvað að tala við kennarann sinn, hana Kristínu. Herði fannst gott að tala við hana.

Hann hafði talað mikið við hana þegar mamma og pabbi hans voru að skilja og hann var að flytja í tvö ný hús.

Fordómar

Hann sagði Kristínu að hann væri hommi en að stundum töluðu krakkarnir í bekknum eins og það væri slæmt að vera hommi.

Þá langaði hann ekki til þess að segja þeim að hann væri hommi.



Tala saman

Kennarinn sagði að það gæti verið gott fyrir Hörð að tala við foreldra sína og segja þeim frá þessu, ef hann treysti sér til.

Herði fannst það dálítið erfitt en ætlaði að gera það. Síðan í framhaldinu gæti kennarinn og foreldrar hans rætt saman um hvernig væri best að tala við bekkjarfélagana.

Kennarinn þakkaði honum fyrir að segja frá þessu.



Fræðsla

Skömmu seinna hélt kennarinn hans fræðslu í bekknum ásamt ráðgjafa frá Samtökunum '78.

Fræðslan var um hvað væri að vera hommi, hvað væri að vera lesbía, hvað væri að vera tvíkynhneigður og hvað væri að vera trans.

Krakkarnir í bekknum voru mjög áhugasamir.



Hommi er ekki niðrandi orð

Kennarinn minnti krakkana á að hommi og lesbía eru ekki slæm orð heldur er það bara ein leið til að vera til og hún er alveg jafn góð og aðrar.

Það væri ekki fallegt að nota hommi eða hommalegur til að gera grín að einhverjum. Þá væru þau að segja að það sé eitthvað slæmt að vera hommi.



Stuðningur

Hörður sagði ekki mikið í tímanum. Hann var ekki alveg tilbúinn til að segja öllum krökkunum að hann væri hommi.

En honum fannst gott að heyra kennarann segja þetta við krakkana.

Vonandi myndu þau fatta núna hvað það var leiðinlegt að heyra þessa hluti.



Koma út úr skápnum

Hörður hélt áfram að stunda námið og æfa fótbolta. Hann heyrði ekki neinn segja orðið hommi eins og það væri slæmt í langan tíma.

Á endanum sagði hann krökkunum í bekknum frá því að hann væri hommi og þau tóku því öll vel og voru ánægð fyrir hans hönd.

